



# Rannsóknastöðin Rif: Vorbréf 2019


Aðalbraut 16, 675 Raufarhöfn | Sími: +(354) 856 9500 | Netfang: rif@rifresearch.is | www.rifresearch.is

Rannsóknastöðinni Rifi, sem stofnuð var 2014, er ætlað að skapa jarðveg til rannsókna og þekkingarsköpunar á Melrakkasléttu og Raufarhöfn. Starfsemi hennar byggir á náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins og þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins hafa á vistkerfi norðurslóða. Markmið stöðvarinnar er þrjúþætt:

- Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu
- Að safna saman, halda utan um og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu
- Að styðja nærsamfélagið

## Starfsemin á árinu 2018

Nú eru tæp fimm ár liðin frá stofnun rannsóknastöðvarinnar Rifs og vex henni áfram fiskur um hrygg. Heldur fleiri gestir dvöldu í stöðinni 2018 en árið þar á undan eða 79 talsins. Gistináttum fjölgaði í 195 en sjálfstæð verkefni voru 12 talsins. Stundaðar voru ýmiskonar athuganir, s.s. á sviði skordýra-, fugla-, atferlis-, veður- og örveruvistfræði og var fjölbreyttur hópur bæði innlendra og erlendra vísindamanna og námsmanna þar að verki. Einn hópur heimsótti stöðina í gegnum fjölbjóðlegan aðgang INTERACT samstarfsins en þeir verða tveir árið 2019.



Fjöldi gistinátta, gesta og sjálfstæðra verkefna frá stofnun stöðvarinnar árið 2014 til ársloka 2018.

Tveir stórir skólahópar fóru um Melrakkasléttu og dvöldu á Raufarhöfn í sumar í tengslum við rannsóknastöðina og nýtti annar þeirra sér þá aðstöðu sem verið er að búa vísindafólki og grunnskólanemum í skólahúsinu á Raufarhöfn. Rannsóknastöðin og grunnskólinn stóðu síðan að umhverfisfræðslu í efstu bekkjum grunnskólans í september, líkt og árið áður. Markmiðið með því verkefni er að auka umhverfisvitund nemenda og kynna fyrir þeim vistkerfisvöktun á norðurslóðum en einnig að styrkja tengslin á milli rannsóknastöðvarinnar og nemenda í nærsamfélaginu. Starfsmenn rannsóknastöðvarinnar vonast til að geta á næstu misserum átt samstarf um slíka fræðslu við fleiri skóla, allt frá Langanesi til Norðurþings.

Af ýmsu markverðu árið 2018 má m.a. nefna uppsetningu veðurstöðvar á jörð Rifs í september. Styrkur fékkst til kaupa á stöðinni í gegnum INTERACT samstarfsnetið en Veðurstofa Íslands annaðist uppsetningu og mun sinna viðhaldi. Auk hefðbundinna breyta mælir veðurstöðin t.d. jarðvegshita og -raka, grænkun (með NDVI nema), inngeislun og fleira auk þess sem vefmyndavél á stöðinni tekur mynd á klukkutíma fresti. Öll gögn sem stöðin safnar verða aðgengileg almenningi og vísindamönnum á vefsíðu Veðurstofunnar og munu þau vafalaust nýtast vel við rannsóknir og vöktun á Melrakkasléttu.



Rannsóknastöðin stóð að strandhreinsun við Raufarhöfn á alþjóðahreinsunardaginn 15. september í samstarfi við Áhaldahúsið á Raufarhöfn og Norðurþing. Á myndinni eru þrjú vaskir þátttakendur með feng dagsins í Klifavík við Raufarhöfn. Mynd: Rif.


Í október tók forstöðumaður Rifs þátt í málstofu á [Arctic Circle](#) ráðstefnunni í Hörpu. Yfirskrift málstofunnar var *Climate Change Impacts, Freshwater and Ethics* og fjallaði erindi Rifs um ferskvatnsvöktun á Melrakkasléttu og norðurslóðum almennt, stöðu hennar, tækifæri og helstu áskoranir.

## INTERACT samstarfið: Helstu áfangar árið 2018

Rif er, ásamt yfir 80 öðrum rannsóknastöðvum, aðili að hinu öflugna samstarfsneti rannsóknastöðva á Norðurslóðum [INTERACT](#). Starfsmenn Rifs sóttu samtals fjóra fundi á vegum INTERACT á árinu. Greint var frá fyrri tveimur fundunum í [Vorbréfi Rifs 2018](#). Auk þeirra sótti Rif aðalfund INTERACT árið 2018 en hann var haldinn í rússnesku borginni Salekhard í lok september. Forstöðumaður Rifs og starfsmaður [CAFF](#) skrifstofunnar á Akureyri kynntu þar stöðu verkefna og helstu áfanga tengda [vinnupakka 7](#) (VP7), sem snýr að samræmdri vöktun líffræðilegs fjölbreytileika á norðurslóðum. Rif er ein þriggja stöðva aðili að þeim faghópi.

Stærsti áfangi VP7 hingað til er útgáfa vöktunar-áætlunar Rifs í maí 2018, en hún byggir á forskrift [CBMP](#) verkefnis CAFF og má nálgast á vef INTERACT.

Vöktunaráætlunin er öflugt verkfæri til að efla og móta þurrlandis- og ferskvatnsvöktun á Melrakkasléttu. Hún var unnin með það að sjónarmiði að hún nýttist öllum sem stunda vöktun og rannsóknir á svæðinu sem og við uppbyggingu vöktunar annars staðar á Íslandi og hjá öðrum INTERACT-stöðvum. Áætlunin er frábær viðbót við það aðdráttarafl sem svæðið hefur til vöktunar á norðurslóðum.



Fjórði og síðasti fundurinn innan VP7 árið 2018 sem forstöðumaður sótti var haldinn á Akureyri í ágúst en þar var unnið að gagnaáætlun Rifs. Fundinn sátu gagnasérfræðingar CAFF og Árhús háskóla ásamt öðrum aðilum að faghópi VP7.

Markmiðið með gerð gagnaáætlunar Rifs er að söfnun, skipulag og utanumhald gagna sem verða til við rannsóknir á Melrakkasléttu standist hæstu gæðakröfur; gögnin verði öllum aðgengileg og nýtist þeim sem stunda rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Innleiðing gagnaáætlunar og innri uppbygging Rifs skv. henni og vöktunaráætluninni er krefjandi verkefni til næstu ára og leggur grunninn að hágæða gagnaöflun og þekkingarsköpun á Melrakkasléttu.

INTERACT samstarfið hefur nú skilað inn þriðju styrkumsókn sinni til Evrópusambandsins og er Rif aðili að þeirri umsókn.



Þátttakendur á gagnafundinum á Akureyri tóku sér smá pásu frá vinnu og skelltu sér í sjósund á Hauganesi við Eyjafjörð. Mynd: Kári Fannar Lárusson.

### Vöktun og rannsóknir

Smádyravöktun Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rifs var framhaldið sumarið 2018 en hún var nú gerð annað sumarið í röð. Á árinu 2019 er fyrirhuguð frekari vöktun á sama svæði í samræmi við vöktunaráætlun, þ.e. gróður- og ferskvatnsvöktun í samstarfi við NÍ, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík.

Fuglavöktun á Melrakkasléttu hefur verið öflug um árabíl en henni sinna bæði NÍ og NNA auk annarra rannsakenda og ötulla heimamanna sem vakta fuglalífið árið um kring. Af helstu verkefnum sem lögð var stund á árið 2018 má nefna vöktun NÍ á rjúpu og fálka, mófuglavöktun NNA, rannsóknir á lómum og vöktun á farflugi ýmissa tegunda um Melrakkasléttu.



Matthías Alfreðsson, NÍ, við aðra af tveimur tjaldgildrum á Melrakkasléttu sumarið 2018. Mynd: Rif.

Með samfelldri langtímasöfnun gagna um alla helstu þætti vistkerfisins á Melrakkasléttu verður mögulegt að kortleggja þróun þess til lengri tíma. Slík kortlagning er mikilvæg á norðurslóðum nú á tímum loftslagsbreytinga og er vöktunaráætlun Rifs hornsteinninn í þeirri vinnu. Efling vöktunar á Melrakkasléttu rímar einkar vel við áherslur Íslands og skuldbindingar í málefnum norðurslóða en Ísland tekur við forystu [Norðurskautsráðsins](#) í maí 2019.

### Fjárhagur og framtíðarsýn

Líkt og undanfarin tvö ár hlaut Rannsóknastöðin Rif tímabundið framlag á fjárlögum til reksturs stöðvarinnar árið 2019. Þetta framlag er forsenda starfseminnar en það fjármagn sem Rif fær í gegnum INTERACT samstarfsnetið er skilyrt til ákveðinna verkefna á vegum þess. Þau ánægjulegu tíðindi bárust einnig með fjárlögum að fjárlaganefnd Alþingis hefði lagt fram tillögu þess efnis að umhverfisráðherra geri samning við Rannsóknastöðina Rif sem tryggi rekstur stöðvarinnar til framtíðar. Þegar sá samningur verður í höfn er um mikil vatnaskil í rekstri Rifs að ræða enda talsverð óvissa fylgjandi því að treysta á rekstrarframlög til aðeins eins árs í senn. Stjórn og starfsmenn rannsóknastöðvarinnar fagna því tíðindunum mjög.

Með tryggri fjármögnun festir Rannsóknastöðin Rif sig í sessi meðal rannsóknastöðva á Íslandi. Ljóst er að mörg veigamikil verkefni bíða hennar á næstu misserum og af nógu að taka fyrir fleiri en einn starfsmann en aðeins eitt stöðugildi er við stöðina nú. Framtíðarsýn stjórnar Rifs er sem fyrr að rannsóknastöðin hafi aðsetur sitt á Raufarhöfn og að starfsemi hennar verði þar. Stjórn og starfsmenn Rifs munu nýta árið 2019 til áframhaldandi uppbyggingar í heimabyggð.